

Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings haldinn á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi 10. september 2024, kl. 14:00

Mættir eru:

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Að auki sátu Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð, Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi og Sýlvía Karen Heimisdóttir sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.
Árni Eiríksson, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu

Það liggur fyrir að formaður stjórnar hefur verið og verður fjarverandi eitthvað áfram.
Stjórn samþykkir að ritari stjórnar, Aldís Hafsteinsdóttir sinni formannsstöðu þar til Hulda Kristjánsdóttir kemur aftur til starfa.

Stjórn samþykkir að fela Aldísi að ræða við deildarstjóra byggðasamlagsins og kanna stöðuna. Jafnframt er samþykkt að auglýst verði eftir starfsfólki ef þörf er á.

Ákveðið að boða til stjórnarfundar þann 24. september klukkan 15:00 í Þingborg, bæði aðal- og varamenn verða boðaðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.